

LV-2018-063



Landsvirkjun



Aflstöðvar á Sogssvæði

Mannvirkjaskráning

Lykilsíða



Skýrsla LV nr.: LV-2018-063

Dags: Desember 2018

Fjöldi síðna: 65

Upplag: 2

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Mannvirkjaskráning aflstöðva á Sogssvæði - Írafossstöð, Ljósafossstöð og Steingrímsstöð.

Höfundar/fyrirtæki: Anna María Bogadóttir, Úrbanista ehf., Rúnar D. Bjarnason, Mannviti

Verkefnisstjóri: Björk Guðmundsdóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Tilgangur verkefnisins var að skrá og meta mannvirki á starfssvæði við Sogið til að uppfylla fjórða leiðarljósið í stefnumiðum Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja "Að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja og umhverfis, þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun." Skýrslan er sett fram sem húsakönnun í samræmi við ákvæði Skipulagslaga nr. 123/2010, gr. 37., 5. mgr. Þar segir m.a.: "Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar." Tilgangur með húsakönnun er að tryggja að ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða húsaþyrpingu séu teknar með þekkingu á gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Farið var í vettvangsferð á Sogssvæðið, ljósmyndir teknar og mannvirki skráð á eyðublöð. Samvinna var við stöðvarstjóra og samráð við Minjastofnun Íslands og skipulagsyfirvöld sveitarfélagsins.

Í skýrslunni er sett fram skráning með texta og ljósmyndum og svo niðurstöður úttektar og mat á byggingum í textaformi. Skráður er hönnuður húsa, byggingalist, byggingarefni húsa, byggingartímabil, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki, ástand varðveislugildi, mat á varðveislugildi og leiðbeiningar. Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðaheilda. Vinna við gerð skráningar, niðurstöður og mat eru sett fram í fimm liðum og í samráði við Minjastofnun. Skýrslan hefur að geyma ljósmyndir, bygginganefndateikningar, loftmyndakort og samantekt á niðurstöðum varðveislumats.



Lykilorð: Vatnsaflsvirkjun, Sogssvæðið, Sogsstöðvar, Írafossstöð, Ljósafossstöð, Steingrímsstöð, mannvirkjaskráning, húsakönnun, arkitekt, yfirbragð svæðis, varðveislugildi, varðveislumat, gerð húss, leiðbeiningar

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

mannvirkjaskráning

AFLSTÖÐVA Á SOGSSVÆÐI



ÚRBANISTAN

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
HÚSAKÖNNUN	4
TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ	5
AFLSTÖÐVAR Á SOGSSVÆÐI	6
YFIRBRAGÐ SVÆÐIS OG MANNVIRKI	7
ALMENNAR LEIÐBEININGAR	7
YFIRLITSKORT	10
MANNVIRKJASKRÁ	15
LJÓSAFOSSSTÖÐ	16
ÍRAFOSSSTÖÐ	24
STEINGRÍMSSTÖÐ	48
NIÐURSTAÐA VARÐVEISLUMATS	58
HEIMILDIR	64
LJÓSMYNDIR	64
VIÐAUKI - TEIKNINGAR	65

INNGANGUR

Hér á eftir fer mannvirkjaskráning á aflstöðvum á Sogssvæðinu; Ljósafoss-, Írafoss- og Steingrímsstöðvar. Verkefnið er unnið fyrir Landsvirkjun af Úrbanistan í samstarfi við Mannvit á tímabilinu apríl - ágúst 2018.

Skýrslan er unnin í anda og sett fram sem húsakönnun. Jafnframt koma fram tillögur og leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af áherslum sem settar eru fram í stefnumiði Landsvirkjunar um landslags- og útlitshönnun mannvirkja, sem er hluti af umhverfisstefnu Landsvirkjunar. Einkum er horft til leiðarljóss 4 í stefnumiði um landmótun og útlit mannvirkja þar sem segir: „Að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja og umhverfis, þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun“.

HÚSAKÖNNUN

Í húsakönnun er um að ræða byggingarlistar- og menningarsögulega greiningu, úttekt, mat og skráningu. Til fyrirmyndar eru hafðar byggða- og húsakannanir skv. leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands, reynsla Úrbanistan við gerð byggða- og húsakannana og Mannvirkjaskráning Laxárvirkjana sem Kanon arkitektar unnu fyrir Landsvirkjun. Samráð var haft við Minjastofnun Íslands og rætt við Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, Maríu Gísladóttur og Pétur Ármannsson.

Mannvirkjaskráningin er í samræmi við ákvæði 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem segir: *Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.*¹

Ákvæði um skráningu menningarminja er einnig að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.²

Byggða- og húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“³ Fyrsti áfangi og undanfari húsakönnunar sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er byggðakönnun með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins. Seinni áfangi byggða- og húsakönnunar er húsakönnun með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.⁴

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðarheildar. Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í texta, ljósmyndum og kortum. Skráð er byggingarefni húsa, byggingartímabil og mat á varðveislugildi. Niðurstaða skráningar og mat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands.

- 1) Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.
- 2) Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.
- 3) Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.
- 4) Upprunaleg gerð: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Matið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.
- 5) Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats er matið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Matið er sett fram í þremur stigum:

- 1) Byggingar með hátt varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi, sbr. V. og VII. kafla laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- 2) Byggingar með miðlungs varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi. Fyrir byggingar sem ekki falla undir verndun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er matið leiðbeinandi um hverfisvernd sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða friðlýsingu skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- 3) Byggingar með lágt varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

¹ Skipulagslög - nr. 123 - 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

² Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

³ Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“.

⁴ Minjastofnun Íslands: Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. <http://www.minjastofnun.is> > gagnasafn > leiðbeiningarit

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Landsskipulag

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram eftirfarandi: „Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli [...] Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum“. Einnig kemur fram eftirfarandi: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun“.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 (AGG2016-2030).

Ekki er fjallað sérstaklega um Sogsvirkjanir í núgildandi aðalskipulagi en fram kemur í AGG2016-2030 að ekki verði um frekari uppbyggingu orkuvinnslu við Sogsvirkjanir. Meðal skilgreindra megin markmiða í aðalskipulagi sem tengjast mannvirkjum Sogsvirkjana er eftirfarandi: „Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja í sveitarfélaginu en jafnframt verði fólk gert kleift að njóta þessara verðmæta“.

Deiliskipulag

Deiliskipulag svæðisins er í vinnslu og hefur skipulagslýsing frá 18. apríl 2018 verið sett í kynningarferli.

Náttúruminjaskrá

Eftirtalin svæði sem ná yfir hluta virkjunarsvæðis eru á náttúruminjaskrá:

743. Þingvellir og Þingvallavatn. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.

747. Alviðra og Sog. Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Verndarsvæði Þingvallavatns

Á árinu 2005 voru sett lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og eru mannvirki Steingrímssstöðvar innan þess verndarsvæðis. Samkvæmt lögnum er óheimilt að gera nokkuð þáð

sem getur spillt eða mengað vatn, vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum laxfiska sem lifa í vatninu. Um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns gildir reglugerð nr. 650/2006.

Jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi: Landnýtingaráætlun 1997

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 er verndarsvæði á Úlfljótsvatni (H18- H22) talið upp sem eitt þeirra svæða er nýtur hverfisverndar samkvæmt Landnýtingaráætlun jarða Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi frá 1997. (Jarðir Reykjavíkur í Grafningi og Ölfusi. Landnýtingaráætlun 1997)

ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ

Í verkefnishópi voru Jóna Bjarnadóttir forstöðumaður umhverfisdeildar og eigandi verkefnis, Jóhann S. Bjarnason stöðvastjóri Sogssvæðis og Sigurður G. Sigurðsson deildarstjóri vatnsaflsdeildar. Verkefnisstjóri fyrir hönd Landsvirkjunar var Björk Guðmundsdóttir verkefnisstjóri á umhverfisdeild. Fyrir hönd ráðgjafa sá Mannvit um verkefnastjórnun og Anna María Bogadóttir hjá Úrbanistan vann að skýrslunni.

Við undirbúning verkefnisins var aflað upplýsinga í fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands, www.skra.is og vef Upplýsinga- og tæknisviðs Uppsveita, utu.is. Svanhildur Arnmundsdóttir á bókasafni Landsvirkjunar útvegaði ýmis gögn úr eigu Landsvirkjunar. Theodór Theodórsson verkefnisstjóri rannsókna útvegaði loftmyndir af skoðunarsvæðinu.

Fyrsta skoðunarferð að Sogsvirkjunum var farin 26. apríl 2018. Jóhann S. Bjarnason stöðvarstjóri Sogsvirkjana tók á móti Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt hjá Úrbanistan og Rúnari Dýrmundi Bjarnasyni umhverfislandfræðingi frá Mannvit. Jóhann var leiðsögumaður í skoðunarferð um mannvirki svæðisins.

Samráð var haft við Minjastofnun Íslands og fundað með Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, Péttri Ármannssyni og Maríu Gísladóttur, 22. maí 2018.

Samráð var haft við Grímsnes- og Grafningshrepp og samband haft við Berglindi Sigurðardóttur skipulagsfulltrúa Uppsveita 17. maí 2018.

Við úrvinnslu var unnið skv. skráningarstaðli Minjastofnunar Íslands og stefnumiði Landsvirkjunar um landslags- og útlitshönnun mannvirkja.

AFLSTÖÐVAR Á SOGSSVÆÐI

Sogið á upptök sín í Þingvallavatni og rennur þaðan í Úlfjótuvatn en yfirborð þess er um 22 metrum lægra. Talið er að nafnið Sog sé dregið af soginu á vatnskjafti Þingvallavatns þar sem vatnsflaumurinn sogaðist ofan í gljúfrin. Á milli Þingvallavatns og Úlfjótuvatns er Efra Sog. Efsti foss neðan Úlfjótuvatns er Ljósafoss, sunnar eru Írafoss og Kistufoss. Þaðan rennur Sogið í Álftavatn og Hvítá og heitir eftir það Ölfusá.

Þegar fyrir aldamótin 1900 voru uppi virkjunarhugmyndir um Sogið og var stofnað félag sem hafði m.a. virkjun Sogsins að markmiði. Félagið leigði vatnsréttindi til ákveðins tíma en réttindin féllu niður er ekkert varð úr framkvæmdum innan tilskilins tíma.⁵ Önnur félög leigðu síðar vatnsréttindi í Soginu en ekki varð heldur úr þeim framkvæmdum í ljósi þess að frumvarp um virkjunarleyfi félaganna var fellt á Alþingi árið 1917 og aftur árið 1919. Ástæðuna má rekja til þeirra sjónarmiða meirihluta þingnefndar, sem skipuð hafði verið um málið, að vatnsréttindi væri ekki hægt að taka eignarnámi því fallvötn væru sameign allra landsmanna undir forræði ríkisins.⁶ Virkjanahugmyndir sem þessi félög höfðu mótað áttu engu síðar eftir að endurspeglast í stórum dráttum í virkjunarframkvæmdum Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Efra-Sogi á 6. áratugnum.

Fyrsti áfangi Elliðaárvirkjunar var tekinn í notkun árið 1921. Uppi voru raddir um að skynsamlegra væri að ráðast þegar í stærri virkjun frekar en „dvergstöð“ Elliðaárvirkjunar en norskir verkfræðingar voru meðal þeirra sem mæltu með því að byrja á virkjun Elliðaáa frekar en Sogsins.⁷ Ástæðan var meðal annars sú að þegar hér var komið við sögu voru íbúar Reykjavíkur aðeins um fimmtán þúsund. Reykvíkungum fjölgaði hins vegar ört og ljóst að rafveitan við Elliðaárnar var ekki nægileg Reykvíkungum til frambúðar. Stuttu eftir að Elliðaárvirkjun var tekin í notkun hófst umræða um virkjun Sogsins í þágu Reykvíkinga, en þegar árið 1917 hafði Reykjavík keypt vatnsréttindi í Soginu.⁸ Árið 1927 ákvað Bæjarstjórn Reykjavíkur formlega að hefja undirbúning að virkjun Sogsins en áætlun um gerð Sogsvirkjunar má rekja aftur til ársins 1924 og aðdraganda að byggingu og athuganir og undirbúning framkvæmda til árána 1927-1929. Steingrímur Jónsson, fyrsti háskólagengni rafmagnsverkfræðingur landsins og rafmagnsstjóri frá árinu 1921, vann áætlun um virkjanir Efra-Sogs og byggði hún að töluverðu leyti á eldri gögnum.⁹ Steingrímur fékk

Sigurð Guðmundsson arkitekt í lið með sér við mótnun tillagna. Hann hafði lokið fullnaðarnámi í arkitektúr annar Íslendinga, var frumkvöðull á sínu sviði og leiðandi í framsæknum arkitektúr á þriðja og fjórða áratugnum.¹⁰ Árið 1929 lögðu Steingrímur og Sigurður fram fyrstu tillögu að virkjunaráætlun í Efra-Sogi þar sem Steingrímssstöð átti síðar eftir að rísa. Rafmagnsstjórn Reykjavíkur samþykkti áætlunina og tilkynnti að tímabært væri að hefja framkvæmdir.¹¹ Kaupa þurfti víðtækari vatnsréttindi og undirbúa og fjármagna framkvæmdir. Eftir heita umræðu um virkjunarmálið í þinginu í nokkur ár, sem tengdust meðal annars deilum milli þéttbýlis og dreifbýlis, samþykkti Alþingi lög um Sogsvirkjanir árið 1933.¹² Í kjölfarið hlaut Reykjavíkurbær sérstakt leyfi til að virkja Sogið. Áhersla var nú lögð á að virkjunin var ekki ætluð Reykvíkungum einum heldur einnig nágrannabyggðum.¹³

Norskir ráðunautar voru fengnir til að gera tillögur um virkjanaf framkvæmdir og lögðu þeir til að hefja framkvæmdir við Ljósafoss og að Efra-Sog, sem var vettvangur fyrstu virkjanahugmynda, yrði geymt til frekari aukningar.¹⁴ Varð það úr og var fyrsti áfangi Sogsvirkjana, Ljósafossstöð, gangsett árið 1937. Árið 1953 var Írafossstöð gangsett. Stærsti hluti fjármögnunar Írafossvirkjunar fékkst gegnum Marshall-aðstoðina en auk þess að mæta aukinni raforkubörf almennings var hlutverk Írafossstöðvar að sjá nýrri Áburðarverksmiðju í Gufunesi fyrir orku. Þetta var því fyrsta tilraun til orkufreks iðnaðar í tengslum við virkjun vatnsafls.¹⁵ Með gangsetningu Steingrímssstöðvar á árunum 1959-1960 var Sogið fullvirkjað. Í kringum aldamótin 2000 var unnið að gagngerri endurbyggingu Sogsvirkjana.

Upphaflega var Sogsvirkjun stofnuð sem sérstakt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurbæjar en Rafmagnsveita Reykjavíkur sá alfarið um rekstur virkjunarinnar. Í lögum um Sogsvirkjun frá árinu 1933 er kveðið á um sérleyfi Reykjavíkur til virkjunarinnar en jafnframt gert ráð fyrir því að ríkissjóður yrði síðar meðeigandi. Var það skref í átt að mótnun stefnu um þátttöku ríkisins í orkuframleiðslu til almenningsþarfa.¹⁶ Íslenska ríkið gerðist meðeigandi í Sogsvirkjun árið 1949 og átti helming í fyrirtækinu á móti Reykjavíkurbæ frá árinu 1953 og til ársins 1966 þegar Sogsvirkjanir runnu til Landsvirkjunar sem hluti stofnframlags eigenda.

⁵ Sumarliði R. Ísleifsson, 2007, bls. 71-72

⁶ Sigrún Pálsdóttir, (ritstj.) 2005 bls. 19-21

⁷ Sumarliði R. Ísleifsson, 2007, bls. 73

⁸ *Vikan*, nr. 32, 12. ágúst 1943, 1,7,15.

⁹ Sumarliði R. Ísleifsson, 2007, bls. 76

¹⁰ Pétur H. Ármannsson, 1997, bls. 4-5

¹¹ Sumarliði R. Ísleifsson, 2007, bls. 71-72

¹² Sigrún Pálsdóttir, (ritstj.), 2005, bls. 147

¹³ Sumarliði R. Ísleifsson, 2007, bls. 82

¹⁴ *Tíminn*, 20. desember 1959, bls. 1

¹⁵ Sigrún Pálsdóttir, 2005 bls. 29-30

¹⁶ Sigrún Pálsdóttir, 2005 bls. 29-30

Ljósafossstöð

Ljósafossstöð nýtir 13 m fallhæð Ljósafoss og er heildarfallhæð virkjunarinnar 17 m. Sigurður Guðmundsson arkitekt mótaði tillögur að virkjunarmannvirkjum í samstarfi við norsku verkfræðingana A. B. Berdal og J. P. Nissen og gerði í kjölfarið uppdrætti að stöðvarhúsi Ljósafossstöðvar. Á sama tíma vann Sigurður að stöðvarhúsi nýrrar aðalspennistöðvar við Elliðaárvirkjun. Voru bæði húsin tekin í notkun árið 1937. Þegar stöðin var opnuð var það með tveimur vélasamstæðum samtals 1 MW að afli en gert var ráð fyrir einni samstæðu í viðbót. Árið 1939 þegar stækkunin var afráðin var heimsstyrjöld skollin á og mikill skortur á stáli og því var hólkur utan um aðrennslisæð steypdur. Nýju vélarnar sem komu frá Bandaríkjunum voru mjög ólíkar þeim upphaflegu. Stækkun aflstöðvarinnar var lokið árið 1944 og í dag er hún 16 MW að afli.

Írafossstöð

Írafossstöð nýtir fallhæð tveggja fossa í Soginu; Írafoss og Kistufoss, alls um 38 metra. Lóðrétt þrýstingöng liggja niður í stöðvarhúsið, sem er grafið í landið og 650 m frárennslisgöng eru grafin undir ána og niður fyrir Kistufoss. Arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson hönnuðu ofanjarðar mannvirki Írafossstöðvar, sem var fyrsta neðanjarðarvirkjunin á Íslandi. Eiríkur gerðist hluti af teiknistofu Sigurðar árið 1938 og unnu þeir saman að flestum verkefnum upp frá því. Árið 1944 hafði bæjarstjórn Reykjavíkur óskað eftir leyfi ríkisstjórnar Íslands til að halda áfram virkjun Sogsins og var Írafossstöð byggð í samvinnu ríkis og borgar. Þar með færðist ríkisvaldið nær því að taka forystu í virkjunarmálum. Lög um virkjunina voru samþykkt árið 1946. Framkvæmdir við Írafossstöð hófust árið 1950 og var stöðin gangsett árið 1953 með tveimur 15,5 MW vélasamstæðum. Árið 1963 var stöðin stækkuð með einni 16,7 MW vél til viðbótar. Líkt og Ljósafossstöð hafði verið á sínum tíma var Írafossstöðin stærsta mannvirki sem reist hafði verið á Íslandi. Í dag er Írafossstöð 48 MW að afli.

Steingrímsstöð

Steingrímsstöð nýtir 20,5 m fall milli Þingvallavatns og Úlfjótsvatns. Við byggingu stöðvarinnar og stíflu við útfall Þingvallavatns var vatni sem áður rann um farveg Efra Sogs veitt í göngum um Dráttarhlíð og safnast vatnið saman í safnkeri að baki og fyrir ofan stöðvarhúsið við Úlfjótsvatn. Yfirborðsmannvirki Steingrímsstöðvar eru reist eftir teikningum arkitektanna Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar, en virkjunin er nefnd eftir Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra. Steingrímur og Sigurður Guðmundsson arkitekt lögðu fram fyrstu hugmyndir

og teikningar af Sogsstöðvum árið 1929 á þeim stað þar sem Steingrímsstöð reis síðar. Staðsetning og útlit mannvirkjanna líkjast mjög upphaflegum teikningum frá 1929. Steingrímsstöð var gangsett á árunum 1959-1960 og er afl stöðvarinnar í dag 27 MW.

YFIRBRAGÐ SVÆÐIS OG MANNVIRKI

Yfirbragð aflstöðva á Sogssvæðinu er gott og heildstætt. Mannvirki aflstöðvanna eru staðsett og mótuð með tilliti til hlutverks og legu lands og mynda skýra og sterka heild. Flest mannvirki mannvirkinn eru steinsteypt með ljósu yfirbragði, sum eru með seinni tíma klæðningu. Mannvirkin bera yfirbragð fúnksjónalísma og norrænnar klassíkur og eru mikilvægur hluti af höfundarverki Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, brautryðjanda í íslenskum arkitektúr.

ALMENNAR LEIÐBEININGAR


Mannvirki aflstöðva á Sogssvæðinu endurspeglar einstakt og vandað brot í byggingarlistasögu landsins. Þau eru vitnisburður um framsækna hugsun, verkmenningu samtímans og afrek í mannvirkjagerð. Með stefnumótun Landsvirkjunar og niðurstöðu varðveislumats að leiðarljósi er mælt með því að:

Öll stöðvarhús og önnur mannvirki beintengd virkjunum standi áfram og verði varðveitt sem næst upprunalegri mynd.


Öllum breytingum á yfirbragði mannvirkja haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á upprunalegu efnisvali, frágangsdeilum og litavali.

Hugað verði heildrænt að aðgengi almennings að mannvirkjum á Sogssvæðinu í því augnamiði að stýra flæði fólks á svæðinu þannig að það fari vel saman við núverandi starfsemi aflvirkjana á Sogssvæði. Lagt er til að vanda og skapa heildræna hönnun skilta, bekkja, stíga, handriða o.s.frv., til þess að styrkja svæðið sem áningarstað fyrir almennung um leið og hugað er að öryggi almennings á svæðinu.

Komi til hönnunar nýrra mannvirkja á Sogssvæðinu verði hugað að samhengi þeirra við núverandi byggð á þann hátt að ný mannvirki skyggi ekki á eða rýri gæði núverandi byggðar á annan hátt. Lagt er til að stærð, staðsetning og efnisval nýrra mannvirkja verði skilgreint með tilliti til þess að laga sig að landslagi og núverandi byggð.



Virkjun Sogsins, 1929. Uppdráttur Sigurðar Guðmundssonar og Steingríms Jónssonar af virkjunarsvæði við Efra-Sog.



Virkjun Sogsins, 1929. Uppdráttur Sigurðar Guðmundssonar og Steingríms Jónssonar af stöðvarhúsi við Efra-Sog.



Þingvallavatn

Efra-Sog

Úlfljótsvatn

Ljósafoss

Árafoss

Kistufoss

Sog



STEINGRÍMSSTÖÐ

LJÓSAFOSSSTÖÐ

ÍRAFOSSSTÖÐ



LJÓSAFOSSSTÖÐ

1. Stöðvarhús
2. Lokustífla
3. Stífla
4. Útivistki og hlað
5. Íbúðarhús



ÍRAFOSSTÖÐ

6. Stöðvarhús neðanjarðar
7. Þjónustuskáli/stöðvarhús ofanjarðar
8. Inntak
9. Lokustífla
10. Stífla
11. Útvirki og hlað (tengivirki)
12. Íbúðarhús 1
13. Íbúðarhús 2
14. Íbúðarhús 3
15. Íbúðarhús 4
16. Bílskúslengja
17. Ljósatröð (þjónustumannvirki sundlaugar)
18. Frárennsli/skurður



STEINGRÍMSSTÖÐ

- 19. Stöðvarhús
- 20. Vatnsaflsvirkjun (sveifluþró)
- 21. Frárennisskurður
- 22. Gangnainntak
- 23. Lokustífla
- 24. Aðrennislögöng (neðanjarðar)
- 25. Íbúðarhús 1
- 26. Íbúðarhús 2

MANNVIRKJASKRÁ



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Stöðvarhús virkjunar
Núverandi notkun: Stöðvarhús virkjunar

Upphafleg gerð

Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Þakpappi
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Tvílyft á kjallara. Tvöföld lofthæð á jarðhæð

Helstu breytingar

1999: Viðbygging. Lyftu- og stigagangur fyrir sýningaraðstöðu
2011: Breytingar á innra fyrirkomulagi v. sýningaraðstöðu
Hönnuðir breytinga: Hornsteinar arkitektar

Saga

Um er að ræða stöðvarhús fyrstu virkjunar í Soginu reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts. Yfirbragð byggingar er í anda funksjónalísma. Tæknileg hönnun var í höndum norsku verkfræðinganna A. B. Berdal og J. P. Nissen. Hafið var að reisa stöðvarbygginguna árið 1935, árið 1936 lagði Kristján X Danakonungur hornstein að byggingunni og árið 1937 var virkjunin gangsett. Á teikningum má sjá að gert var ráð fyrir stækkun til vesturs og alls fimm vélum, en hún var upphaflega reist með tveimur vélum. Stækkun var lokið árið 1944. Danska fyrirtækið Højgaard & Schultz sá um byggingarframkvæmdir en sænsku fyrirtækin ASEA og Karltds Mekaniska Verkstad um tækjabúnað.

Í bréfasamskiptum milli A. B. Berdal og Sigurðar frá 4. áratugnum er rætt um útsýnisstað sem hluta af stöðvarhúsinu og aðgengi almennings að honum, og því hefur útsýnis- og sýningarrými fyrir almenning verið hluti af hugmyndum um stöðvarhúsið frá upphafi. Á teikningum má sjá ýmsar útfærslur útsýnisstaða, m.a. sólar- og útsýnisvalir ofan á byggingu og á teikningu frá árinu 1935 eru svalir meðfram allri suðurhlíð stöðvarhússins sunnan við vélaralinn. Einnig er sýndur núverandi pallur meðfram suðurhlíð stöðvarhússins sem er eins konar útsýnisbrú við vatnsyfirborð árinna. Á framhlíð stöðvarhússins er upphleypt mynd eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara, Ljósberinn, en sem arkitekt átti Sigurður frumkvæði að því að fá myndlistarmenn til þess að skapa myndverk í byggingar sínar og samstarf hans við Ásmund Sveinsson myndhöggvara við Sogsstöðvar er dæmi um það. Gagnvirk orkusýning, sem var hönnuð inn í sýningarrými efstu hæðar, opnaði í ágúst 2015.

Tillögur/Leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði húss haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdeilum og litavali en auk hins hvíta meginlitar (NCS S1002-Y) gefa litirnir blár og gulur stöðvarhúsinu sérstakan blæ sem sker sig frá öðrum mannvirkjum á Sogsvirkjanasvæðinu.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Formsterkt mannvirki sem er með þeim glæsilegri á landinu frá þessu tímabili. Eitt besta héraðs dæmi um iðnaðarmannvirki í anda funksjónalísma og ber höfundareinkennum Sigurðar Guðmundssonar sterkt og gott vitni.

Menningsögulegt gildi: Hátt. Fyrsta virkjunin sem var gangsett í Soginu. Einstakur vitnisburður um framsækna hugsun á fyrri hluta tuttugustu aldar, verkmenningu samtímans og afrek í mannvirkjagerð.

Umhverfisgildi: Hátt. Stöðvarhúsið er í návígi við hinn upphaflega árfarveg og myndar áhrifamikla andstæðu við náttúruna.

Upprunaleg gerð: Hátt. Lítið breytt frá upprunalegri gerð utan viðbyggingu sem dregur dóm af upphaflegum teikningum og breytingu á innra fyrirkomulagi efstu hæðar.

Tæknilegt ástand: Hátt. Í góðu ásikkomulagi.


Varðveislugildi: Hátt. Einfalt, formsterkt mannvirki og með þeim glæsilegri á landinu frá þessu tímabili. Eitt besta dæmi um steinsteyp iðnaðarmannvirki í funksjónalískum anda og ber höfundareinkennum Sigurðar Guðmundssonar sterkt og gott vitni.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr.

verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir. Einnig gæti komið til friðlýsingar.



Suðurhlíð stöðvarhúss, 2018.



Stöðvarhúsið fullbyggt séð frá árfarveginum.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Stöðvarhús úr suðaustri, 2018.



Vesturgafli stöðvarhúss, 2018.



Úr vélasal, 2018.



Aðrennslispípur og hverfishólkar, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Lokustífla
Núverandi notkun: Lokustífla

Upphafleg gerð

Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Þakpappi
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Einfalt og stílhreint iðnaðarmannvirki í anda fúnksjónalisma, reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði húss haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdeilum og horft verði til upphaflegs litavals og húsið verði hvítt að lit NCS S1002-Y.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Einfalt og stílhreint iðnaðarmannvirki í anda fúnksjónalisma.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild virkjanamannvirkja Ljósafoss- og Sogsstöðva.


Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild virkjanamannvirkja Ljósafoss- og Sogsstöðva.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Hátt.

Varðveislugildi: Hátt. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Ljósafossstöðvar, sem er mjög góður vitnisburður um framfarahug þjóðarinnar í upphafi tuttugustu aldar og hafa mikið varðveislugildi út frá byggingarlistalegu og menningarsögulegu sjónarhorni.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir. Einnig gæti komið til friðlýsingar.




Lokustífla og lokuhús við lok framkvæmda. Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Lokustífla suðausturhlið, 2018.



Lokuhús, horft úr vestri, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt og A.B. Berdal, verkfræðingur
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.

Upphafleg notkun: Stífla
Núverandi notkun: Stífla

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Klæðning:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Einfalt og stílhreint iðnaðarmannvirki í anda fúnksjónalisma, reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdæilum og litavali.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt steinsteyp iðnaðarmannvirki.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild virkjanamannvirkja Ljósafoss- og Sogsvirkjana.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild virkjanamannvirkja Ljósafoss- og Sogsvirkjana.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Ástand: Hátt.

Varðveislugildi: Hátt. Hluti af heild virkjanamannvirkja Ljósafossstöðvar sem er mjög góður vitnisburður um framfarahug þjóðarinnar í upphafi tuttugustu aldar og hefur mikið varðveislugildi út frá byggingarlistalegu og menningarsögulegu sjónarhorni.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götmyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir. Einnig gæti komið til friðlýsingar.



Hönnun: Upplýsingar fundust ekki
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Útvirki og hlað
Núverandi notkun: Útvirki

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteypa og stál
Klæðning:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstöður:

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Tillaga / leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt. Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Ljósafoss- og Sogsvirkjana.
Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja Ljósafoss- og Sogsvirkjana.
Tæknilegt ástand: Hátt. Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi: Lágt.

Verndarflokkur: Ekki er lagt til að skilgreina mannvirkið í verndarflokki.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Félagsaðstaða

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Einlyft á kjallara með geymslulofti.

Helstu breytingar

Steníklæðning, lokun dyraopa sunnanvert á 10. áratug.

Hönnuðir breytinga

Saga

Um er að ræða steinsteyp hús, speglað parhús sem reist er á uppbyggingartíma virkjunar fyrir starfsfólk Sogsvirkjunar. Teikning Sigurðar Guðmundssonar frá 1935 sýnir tvo innganga á suðurhlíð þaðan sem gengt var út á steypa verönd með skjólveggjum sem eru áfastir húsinu. Skjólveggirnir standa en lokað hefur verið fyrir dyraop sem tengdist þeim og gluggaop þar fyrir ofan. Upphaflega voru fleiri þjónustumannvirki tengd starfsemi Ljósafossvirkjunar, m.a. reisulegt mótuneytishús og fleiri íbúðarhús en er þetta eina upprunalega þjónustumannvirki Ljósafossvirkjunar sem enn stendur. Útilífsmiðstöð Skáta hefur aðstöðu í hluta hússins í dag.

Tillaga / leiðbeiningar

Gera þarf ástandsmat og úttekt á húsinu m.t.t. nauðsynlegra lagfæringa. Verði niðurstaða Landsvirkjunar eftir ástandsmat sú að húsið fái að standa er lagt til að:

- Færa húsið í upprunalegt horf. Fjarlægja klæðningu og færa hús í upprunalegan hvítan meginlit. Lagfæra skyggni við innganga og skjólveggi, sem eru mikilvægur hluti af húsinu og upphaflegu yfirbragði þess. Endurnýja ruslatunnur og huga betur að staðsetningu þeirra.
- Endurskilgreina virka notkun hússins sem styddi við virkjunarsvæðið sem áningarstað. Til dæmis gestaíbúðir eða önnur aðstaða fyrir starfsmenn og gesti sem gæti tengst og stutt við rannsóknar-, miðlunar- og sýningarstarfsemi Landsvirkjunar, sem fer m.a. fram í stöðvarhúsi Ljósafosstöðvar.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt og lágstemmt íbúðarhús í anda funksjónalísma og góður fulltrúi steinsteyptra íbúðarhúsa frá millistríðsárum.

Meningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af upprunalegri heild mannvirkja Ljósafosstöðvar og mikilvægt brot úr atvinnu- og iðnaðarsögu.

Umhverfisgildi: Miðlungs. Hluti af heild mannvirkja tengt Ljósafosstöð. Lágstemmt og fellur inn í umhverfið.

Upprunaleg gerð: Miðlungs. Grunngerð húss er óbreytt frá upprunalegri gerð en það hefur verið klætt.

Tæknilegt ástand: Lág. Þarfnast mikilla lagfæringa.

Varðveislugildi: Miðlungs. Góður fulltrúi steinsteyptra íbúðarhúsa í funksjónalískum anda frá millistríðsárum. Hluti af heild mannvirkja Ljósafosstöðvar og brot úr atvinnu- og iðnaðarsögu.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaræðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Íbúðarhús úr suðvestri, 2018.



Horft yfir svæðið og suðausturhlíð íbúðarhúss.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Íbúðarhús úr suðaustri, 2018.



Íbúðarhús úr norðaustri, 2018.



Íbúðarhús, kjallari, 2018.



Íbúðarhús, tröppur úr inngangi ganga niður í kjallara og upp í íbúðina, 2018.



Inngangur í íbúðarhús, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt og A.B. Berdal, verkfræðingur
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Stöðvarhús, neðanjarðar
Núverandi notkun: Stöðvarhús, neðanjarðar

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Klæðning:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstöður:

Upphaflegt útlit

Neðanjarðar
 stöðvarhús

Helstu breytingar

Ný aðkomugöng.

Hönnuðir breytingar**Saga**

Um er að ræða fyrsta neðanjarðar stöðvarhús á Íslandi. Yfir því er steinsteypuhvelving. Neðra vatnsborð er fengið með því að grafa skurð og göng úr farvegi Sogs neðan við Kistufoss lárétt inn að stöðvarhúsinu, austanvert við Írafossstífluna. Frá inntaksstíflunni liggja 50 m langar þrýstivatnsæðar á ská niður undir stöðvarhúsið, þær hafa verið sprengdar inn í bergið og eru fóðraðar að innan með steinsteypu og stálhólkum. Á kjallaragólfi stöðvarhússins eru vatnshverflarnir, en rafalarnir eru á efri kjallarahæð stöðvarhússins. Sunnan mannvirkisins eru steinsteyppt aðkomugöng sem voru notuð til að ferja inn og út efni á byggingartíma og eru flóttagöng í dag.

Tillaga / leiðbeiningar

Allar breytingar miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Hluti af stöðvarhúsi Írafossvirkjunar sem er bæði ofan- og neðanjarðar.

Meningarsögulegt gildi: Hátt. Nýstárlegt iðnaðarmannvirki á sínum tíma. Hluti af heild mannvirkja Írafossstöðvar og Sogsvirkjana.

Umhverfisgildi: Lágt. Mannvirkið er neðanjarðar en er hluti af heild stöðvarhúss Írafossvirkjunar.

Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Miðlungs. Stöðvarhúsið er í góðu ástandi en frárennslisgöng þurfa viðhald og endinn á frárennslisgöngum þarf verulegar lagfæringar.

Varðveislugildi: Hátt. Fyrsta neðanjarðar stöðvarhús á landinu sem ber vott um verkmenningu samtímans og er mikilvægt brot iðnaðarsögunnar.

Verndarflokkur: Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götamyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Aðkomugöng, 2018.



Gangnamannvirki á framkvæmdatíma.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Inni í gangnamannvirki, 2018.



Úr vélasal, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson, arkitektar
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Þjónustuskáli
Núverandi notkun: Þjónustuskáli

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Þakpappi
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Tvílyft á kjallara, með turn sem tengist neðanjarðar stöðvarhúsi. Vélaralur með þrefalda lofthæð

Helstu breytingar

2002. Stækkun og áklæðning byggingar. Vélarverkstæði, renniverkstæði, trésmíðaverkstæði, búningsherbergi og aðstaða fyrir sumarstarfsfólk

Hönnuðir breytinga

Hornsteinar, Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt

Saga

Sá hluti stöðvarhússins sem er ofanjarðar er reistur eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar. Helsti verkfræðilegi ráðunautur við byggingu Írafossvirkjunar var hinn norskí A. Berdal. Úr húsinu eru lyftu- og stigagöng í neðanjarðar hluta stöðvarhússins, en með því að hafa stöðina neðanjarðar var vatnskæling minni og þrýstivatnspípur styttri. Turn fyrir miðju stöðvarhússins tengist neðanjarðar hluta stöðvarhússins og er hluti af loftræstikerfinu. Virkjunarframkvæmdir hófust um mitt ár 1950 og var stöðin gangsett árið 1953. Dansk-sænska fyrirtækjasamsteypan Fosskraft sá um framkvæmdir þar sem danska E. Phil & Søn var leiðandi. Forsvarsmaður þess var Kay Langvad sem hafði starfað sem byggingarverkfræðingur við Ljósafossvirkjun á vegum Højgaard og Schultz.

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði haldið í lágmarki og miðst fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali og frágangsdeilum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Stílhreint, formfast iðnaðarmannvirki sem ber í senn einkenni nýklassískur og fúnksjónalísma. Yfirbragð byggingar er nýklassískt en gluggasetning ber einkenni fúnksjónalísma.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild mannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana og ber virkjanasögu mikilvægt vitni, fyrsta neðanjarðarstöðvarhús á Íslandi og merk heimild um verkmenningu samtímans.

Umhverfisgildi: Hátt. Stöðvarhúsið er í návígi við hinn upphaflega árfarveg og myndar áhrifamikla andstæðu við náttúruna.

Upprunaleg gerð: Miðlungs. Hefur verið stækkuð og klædd.


Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand mannvirkis.

Varðveislugildi: Hátt. Merkillegt mannvirki frá byggingarlistalegu og menningarsögulegu sjónarhorni. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana og ber höfundarverki Sigurðar Guðmundssonar arkitekts gott vitni.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaráðir og götummyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Ofanjarðar stöðvarhús á framkvæmdatíma.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.




Við lok framkvæmda.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Núverandi ásynd úr norðri, 2018.



Inni í verkstæði, 2018.



Gamli útvegur þjónustuskála inni í
núverandi viðbyggingu, 2018.



Yfirlitsmynd yfir Írafossstöð, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Inntakshús virkjunar
Núverandi notkun: Inntakshús virkjunar

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Klæðning:
Þakgerð: Flatt
Þakklæðning: Þakpappi
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Einlyft með mikla lofthæð

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Inntaksmannvirkið er reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar frá 1952. Einkennandi eru þrír hattar á þaki inntakslókuhússins. Þeir eru fyrir tjakka sem sjá um að lyfta inntakslökum vélanna. Bulla tjakksins er tæpir 6 metrar. Það er sú veganlengd sem þarf að vera fyrir ofan lokuna þegar hún er uppi. Þess vegna þarf mikla lofthæð við tjakkana.

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali og frágangsdeilum. Horft verði til upphaflegrar gerðar í litavali og húsið verði hvítt að lit NCS S1002-Y.

Varðveislumat

Byggingarlist: Hátt. Stílhreint, formsterkt iðnaðarmannvirki í anda funksjónalisma reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar og ber höfundareinkennum hans vitni.

Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana.

Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana.

Upprunaleg gerð: Hátt. Nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Hátt. Gott ástand mannvirkis.

Varðveislugildi: Hátt. Stílhreint iðnaðarmannvirki sem er hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafossstöðvar og Sogsvirkjana. Gott dæmi um iðnaðarhúsnæði frá miðri 20. öld og góður vitnisburður um iðnaðar- og atvinnusögu þjóðarinnar.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Inntakshús úr norðaustri, 2018.



Horft norður yfir Írafossstöð, inntakshús er milli stíflu og stöðvarhúss. Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.




Inntakshús úr vestri, 2018.



Horft um inntaksmannvirki, 2018.



Inntakshús úr norðri, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson, arkitektar
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Lokustífla
Núverandi notkun: Lokustífla

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Skúrþak
 (örlítill vatnshalli)
Þakklæðning: Þakpappi
Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Nánast óbreytt frá
 upprunalegri gerð

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Einfalt stílhreint iðnaðarmannvirki reist eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar frá 1952. Tvö einföld skýli eru ofan á lokustíflu. Sex lokur eru í lokustíflu. Þrjár botnlukur eru í lokuhúsi (fyrir vetrarrensli) og þrjár lokur í árlokuhúsi (fyrir sumarrensli).

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum. Komi til breytinga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali og frágangsdæilum og litavali, skýlin verði hvít að lit NCS S1002-Y.


Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt stílhreint virkjunarmannvirki.
Menningarsögulegt gildi: Hátt. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana.
Umhverfisgildi: Hátt. Hluti af heild virkjunarmannvirkja Írafoss- og Sogsvirkjana.
Upprunaleg gerð: Hátt. Óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand: Miðlungs. Sæmilegt ástand en tími kominn á viðhald.
Varðveislugildi: Hátt. Einfalt stílhreint virkjunarmannvirki og hluti af heild mannvirkja Sogsvirkjana.

Verndarflokkur: Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru í leiðbeiningarskjali Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.



Vesturgafli lokuhúss, 2018.




Horft yfir stíflu Írafossstöðvar.
Mynd úr ljósmyndasafni Landsvirkjunar. Ártal óþekkt.



Austurgafli lokuhúss, 2018.



Úr lokuhúsi, 2018.



Hönnun: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Fyrsti eigandi: Rafmagnsveita Reykjavíkur



Upphafleg notkun: Stífla
Núverandi notkun: Stífla

Upphafleg gerð

Tegund: Steinsteyp

Klæðning:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstöður: Steinsteyp

Upphaflegt útlit

Nánast óbreytt frá upprunalegri gerð

Helstu breytingar

Hönnuðir breytingar

Saga

Einfalt stílhreint steinsteyp stíflumannvirki.

Tillaga / leiðbeiningar

Öllum breytingum á yfirbragði haldið í lágmarki og miðist fyrst og fremst við úrbætur á tæknilegum ágöllum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs. Einfalt stíflumannvirki

